

Mál nr. 116/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda ökutækis.

Bótafjárhæð. Samþykktir nefndarinnar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 19. maí 2022.
4. Bréf V, dags. 20. maí 2022.

Málsatvik.

M slasaðist í umferðarslysi 21. janúar 2020. V féllst á bótaskyldu í málinu og voru bætur greiddar 21. mars 2022, meðal annars með fyrirvara um árslaunaviðmiðun vegna útreiknings bóta fyrir varanlega örorku skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Enginn ágreiningur er milli M og V um að við ákvörðun árslauna verði miðað við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga en ágreiningurinn beinist að því hvaða árslaun eigi að leggja til grundvallar uppgjöri. M hefur skotið þessum ágreiningi til nefndarinnar með málskoti sem mótttekið var 25. apríl sl.

M telur að ágreiningur um bótafjárhæð eigi undir nefndina skv. núgildandi samþykktum hennar. Einnig færir M rök fyrir hvaða árslaunaviðmiðun eigi að leggja til grundvallar uppgjöri og er mismunur þess útreiknings og þess sem miðað var við við uppgjör V 2.609.962 krónur og er það krafa M ásamt dráttarvöxtum. Ekki verða röksemdir M tilgreindar með ítarlegum hætti hvað þetta varðar þar sem ágreiningur er einnig um hvort úrskurðarnefnd í váttryggingamálum geti úrskurðar í málnum og gildissvið samþykta nefndarinnar.

V vísar til núgildandi samþykta fyrir nefndina, en í 22. gr. þeirra kemur fram að þær gildi um ágreiningsmál sem varðar fjárhæðir vegna váttryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar. V bendir á að slys M hafi átt sér stað 21. janúar 2020 og geti nefndin því ekki úrskurðað um bótafjárhæð nema V samþykki, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr. þágildandi samþykta fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. V telur sérstaklega fram í bréfi sínu dags. 12. maí 2022 að það samþykki ekki að nefndin fjalli um fjárhæðir í máli þessu.

M hefur mótmælt túlkun V á ákvæðum samþykta og vísar til tilgangs nefndarinnar, sem rakinn sé í 1. gr. samþykta fyrir nefndina. Einnig bendir M á að V hafi einhliða ákveðið árslaun í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til samningaviðræðna. Einnig bendir M á að lög um úrskurðarnefndir á sviði neytendamála nr. 81/2019 og reglugerð nr. 900/2019 eigi að tryggja neytendum rétt til úrræðis sem feli ekki í sér að þurfa að stefna máli fyrir dómstóla. Einnig vísar M til ákvæða núgildandi samþykta nefndarinnar um að samþykki váttryggingafélaga þurfi ekki vegna ágreinings um bótafjárhæðir upp að fimm milljónum króna, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykta fyrir nefndina.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku í skilningi skaðabótalaga. Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykta fyrir nefndina, án samþykkis váttryggingafélags, ef fjárhæð ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Sú fjárhæð sem M hefur lagt til grundvallar kröfu sinni á V er innan þeirra marka. Áður gerði 3. gr. eldri samþykta fyrir nefndina ráð fyrir því að allir aðilar þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um ágreining um bótafjárhæðir.

Hér þarf því að taka afstöðu til þess hvort nýjar samþykktir fyrir nefndina gera ráð fyrir því að M sem neytandi geti lagt ágreining um bótafjárhæð fyrir nefndina skv. áður nefndri 3. mgr. 3. gr. þeirra. Í 22. gr. sömu samþykta segir: „*Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2022. Þær gilda um ágreiningsmál sem varða fjárhæðir vegna váttryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar, sbr. nánari tilgreiningu um starfssvið nefndarinnar og fjárhæðamörk í 3. gr.*“ Þetta ákvæði í samþykktunum er skýrt og váttryggingaratburður sá sem sem leiddi til ágreinings M og V átti sér stað

21. janúar 2020. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. nógildandi samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum ná ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim váttryggingaratburði tengist.

Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykkt. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir, sbr. bréf V til nefndarinnar, dags. 12. maí 2022.

Nefndin getur ekki vikið til hliðar ákvæðum í samþykktum sínum og ekki eru efni til að túlka ákvæði 22. gr. samþykktanna öðruvísi en að váttryggingaratburður M hafi átt sér stað fyrir 1. janúar 2022.

Ákvæði um tilgang samþykktana og markmið breyta þessu ekki, né lög nr. 81/2019.

Ágreiningur um bótafjárhæð, án þess að samþykki V liggi fyrir, á því ekki undir starfssvið nefndarinnar og verður að vísa málinu frá á grundvelli b.liðar 4. gr. nógildandi samþykkt fyrir nefndina.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson